

Til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur

Reykjavík, 22. nóvember 2017
/es

Efni: Samþykkt stjórnar OR um að leita afstöðu eigenda varðandi fyrirkomulag innri endurskoðunar.

Á fundi stjórnar Orkuveitur Reykjavíkur þann 20. nóvember sl. var m.a. bókað:

15. Önnur mál.

Formaður stjórnar lagði fram svohljóðandi tillögu:
Þegar endurskoðunarnefnd OR var lögð niður á sínum tíma urðu talsverðar breytingar á skipulagi og stöðu innri endurskoðunar og endurskoðunarnefndar samstæðunnar. M.a. tók endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar við hlutverki endurskoðunarnefndar OR og þar með nokkuð viðamiklum samskiptum við innri endurskoðanda OR. Á sínum tíma voru ýmsar aðrar útfærslur ræddar en sú sem varð niðurstaðan.

Nú er komin nokkur reynsla á þetta skipulag og tímabært að meta reynsluna.

Stjórn felur forstjóra að leita eftir sjónarmiðum eigenda á þessu skipulagi.

Samþykkt samhljóða.

Hér með er þess óskað að eigendur geri grein fyrir sjónarmiðum sínum um fyrirkomulag innri endurskoðunar OR.

Virðingarfyllst,



Elín Smáradóttir
ritari stjórnar OR